



# Hafnarfjörður

## Notendastýrð persónuleg aðstoð.

Á fundi fjölskylduráðs þann 9. ágúst 2022 var eftirfarandi bókað:

„Fjölskylduráð óskar eftir upplýsingum um kostnaðarauka verði tekin upp taxti NPA miðstöðvarinnar. Þá óskar fjölskylduráð eftir samantekt um fjölda samninga og óskar jafnframt eftir álitni bæjarlögmanns. Einnig óskar ráðið eftir samantekt um samanburð á tímagjaldi hjá nágrennasveitarfélögum. Upplýsingarnar skulu liggja fyrir á næsta fundi ráðsins. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun: Á fundi sínum þann 18. febrúar sl. óskaði fjölskylduráð eftir umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um nýjan kjarasamning NPA miðstöðvarinnar og Eflingar m.a. með því að taka forsendur og útreikninga til skoðunar. Nú hefur Sambandið tilkynnt fjölskylduráði að vegna anna geti sambandið ekki orðið við þessari beiðni fjölskylduráðs. Í svari Sambandsins kemur fram að Reykjavíkurborg hafi farið yfir útreikningana og geri ekki athugasemdir við þá með tilliti til þeirra forsendna sem liggja til grundvallar hjá NPA miðstöðinni. Fulltrúar Samfylkingarinnar ítreka fyrri bókanið og tillögur sínar um að Hafnarfjarðarbær miði við útreikninga NPA miðstöðvarinnar í NPA samningum bæjarfélagsins.“

- **Kostnaðarauki verði tekinn upp taxti NPA miðstöðvarinnar:** Verði tekinn upp taxti NPA frá 1.janúar 2022 verður kostnaðarauki ársins 85 milljónir króna. Þar sem ljóst er að endurgreiðslur verða vegna samninga sem ekki eru fullnýttir þá má ætla að endanlegur kostnaðarauki verði u.þ.b. 45 millj.kr.
- **Fjöldi samninga: 19**
- **Álit bæjarlögmanns:** sjá meðfylgjandi minnisblað.
- **Samanburður á tímagjaldi hjá nágrennasveitarfélögum:** Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa öll tekið upp taxta NPA miðstöðvarinnar.

Hafnarfjörður 22.ágúst 2022

Rannveig Einarasdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.